



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 11/2014

Skráning og notkun lénsins hatidir.is

I.

Erindið

Mál þetta hófst með bréfi Go Wild ehf. til Neytendastofu, dags. 7. ágúst 2013. Í bréfinu segir að Go Wild hafi síðastliðið vor gefið út rit sem beri nafnið Hátíðahandbókin/hatid.is og um leið skráð lénið hatid.is. Auk þess hafi fyrirtækið stofnað facebooksíðuna facebook.com/hatid.is. Ritið hafi fjallað um bæjarhátíðir og aðra viðburði og verði tilgangur heimasíðunnar hinn sami.

Fyrir skömmu hafi Go Wild tekið eftir að annar aðili hafi stofnað heimasíðu sem beri nafnið hatidir.is, þ.e. nafn heimasíðu Go Wild nema í fleirtölu. Innihald heimasíðunnar sé nánast að öllu leyti eins og vefsíða Go Wild og sé ljóst að eigandi vefsíðunnar sé að gera hugmynd Go Wild að sinni.

Lénið hatid.is hafi verið skráð 7. janúar 2013 en hatidir.is 25. júní 2013.

Nú þegar hafi borið á misskilningi hvað nafn Hátíðarhandbókarinnar/hatid.is og hatidir.is hjá viðskiptamönnum Go Wild.

Að mati Go Wild brjóti skráningin á léninu hatidir.is gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Go Wild var sent Atla Björgvinssyni, eiganda lénsins hatidir.is til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 22. ágúst 2013. Í bréfinu kom fram að auk 15. gr. a laga nr. 57/2005, sem vísað væri til í erindinu, kæmi 5. gr. laganna jafnframt til álita að mati Neytendastofu.



Svar barst með bréfi Atla, dags. 11. september 2013. Þar segir m.a. að í 2. málslíð 15. gr. a laga nr. 57/2005, sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann hátt að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Í þessu máli séu atvik með þeim hætti að báðir aðilar hafi lögvarinn rétt til þess að nota sín lén. Atli hafi skráð lénið hatidir.is í júní 2013 en Go Wild sitt lén í janúar 2013. Líta þurfi til þess hvort notkun Atla valdi ruglingshættu milli aðila og hvort Go Wild njóti einkaréttar á orðinu hátíð. Atli dragi ekki dul á þá staðreynd að ruglingshætta sé með umræddum lénum. Um sé að ræða annars vegar eintölumynd og hins vegar fleirtölumynd af orðinu hátíð, auk þess sem bæði félög vinni við að safna saman upplýsingum um hátíðir vítt um Ísland og miðla þeim til almennings. Munurinn sé hinsvegar sá að Atli geri það í gegnum heimasíðuna hatidir.is á meðan Go Wild gefi út Hátíðahandbókina sem ekki sé birt á slóðinni hatid.is heldur á <http://issuu.com/skapariid/docs/hatid-130429-handbok-a5-web>.

Hvað snúi að meintum einkarétti Go Wild til nafnsins „Hátíð“ skal hafa í huga að réttur til vörumerkis stofnist annað hvort með skráningu eða notkun. Til þess að njóta einkaréttar verði vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum. Orðið megi ekki vera svo almennt að það sé lýsandi fyrir þjónustu sem hann og keppinautar hans bjóði.

Lénið hatid.is sé einungis lýsandi fyrir þá starfsemi sem viðkomandi hafi á boðstólum en hafi ekki nauðsynleg sérkenni til aðgreiningar frá öðrum. Go Wild hafi því ekki einkarétt á orðinu Hátíð sama hvort um sé að ræða orðið í eintölu, fleirtölu eða öðrum myndum af orðinu. Af þeirri ástæðu sé ekki hægt að líta svo á að Atli hafi brotið gegn 15. gr. a laga nr. 57/2005 með því að nota lénið hatidir.is.

Hvað snúi að 5. gr. sömu laga þá mótmæli Atli því að hann hafi stundað óréttmæta viðskiptahætti. Hann hafi ekki orðið þess var að ruglast sé á fyrirtæki hans og Go Wild auk þess sem hann hafi ekki á nokkurn hátt reynt að skapa þann misskilning að um sama félag sé að ræða. Eins og fram hafi komið séu umræddir miðlar gjörólíkir í viðmóti og virkni þótt efni þeirra sé af sömu rót sprottið.

Einsýnt sé að Atli hafi hvorki brotið gegn 15. gr. a né 5. gr. laga nr. 57/2005.

2.

Bréf Atla Björgvinssonar var sent Go Wild til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 12. september 2013. Svar fyrirtækisins er dags. 25. september 2013. Þar segir m.a. að óumdeilt sé að Go Wild hafi skráð lén sitt hatid.is, 7. janúar 2013, rúmu hálfu ári áður en lén Atla hatidir.is hafi verið skráð. Af því megi álykta að Go Wild hafi ákveðinn forgangsrétt til lénsins hatid.is og notkunar léna sem mynduð séu af þeim orðstofni.



Augljós ruglingshætta sé fólgin í því að Atli hafi skráð lén sitt með fyrrgreindum hætti, þ.e. með fleirtölunni af nafni lénsins sem Go Wild lét skrá fyrir starfsemi sína. Sé sérstök hætta á ruglingi þar sem bæði félögin vinni að upplýsingasöfnun og miðlun upplýsinga til almennings um hátíðir og hátíðahald víðsvegar um Ísland. Hafi nú þegar borið á ruglingi, tölvupóstsamskipti sem ratað hafi á rangan aðila. Segja megi að starfsemi Atla sé eftiröpun þeirrar starfsemi sem Go Wild hafi stofnsett og haft mikið fyrir að markaðssetja. Þegar Go Wild hafi fest sér lénið hatid.is hafi félagið sett upp vefsíðu þar sem fjallað hafi verið um bæjarhátíðir á Íslandi. Vefsíðan sem sett hafi verið upp samhliða skráningu lénsins hafi verið til bráðabirgða þar sem þegar hafði verið ákveðið að ráðast í gerð umfangsmeiri vefsíðu undir sama léni og notuð í því skyni að miðla þeim upplýsingum sem Go Wild hafi víðað að sér um hátíðahald á Íslandi. Þá sé vakin athygli á því að Hátíðarhandbókin/hatid.is haldi úti síðu á Facebook undir slóðinni facebook.com/hatid.com.

Með þessu og útgáfu hátíðarhandbókarinnar hafi hátíðarhöldurum verið frá upphafi boðið að skrá sína viðburði undir slóðina hatid.is/skraning og hafi borist rúmlega 200 skráningar frá hátíðahöldurum í gegnum þessa slóð. Þá hafi öll auglýsingasala í tengslum við þessa starfsemi farið í gegnum netföng hatid.is. Kynning og notkun Go Wild á léninu hatid.is sé og hafi verið virk frá 7. janúar 2013.

Go Wild hafni þeirri röksemdafærslu sem fram komi í bréfi Atla að fyrirtækið Go Wild þurfi að sýna fram á að það njóti einkaréttar til orðsins hátíð svo ákvæði 15. gr. a laga nr. 57/2005 eigi við um úrlausn þessa máls. Í lagaákvæðinu sé einungis vísað til þess að aðili noti auðkenni sem hann eigi tilkall til á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Í ákvæðinu sé ekki tiltekið að einkenni viðkomandi aðila þurfi að vera undirorpið eignarétti hans. Nægi að sýna fram á að hann hafi fullan rétt á að nota einkennið.

Þá telji Go Wild að háttsemi Atla Björgvinssonar að skrá umrætt lén og nota í atvinnustarfsemi sem algerlega megi jafna við þá starfsemi sem Go Wild hafi unnið að allnokkru áður sé beinlínis fallin til þess að valda ruglingi og hættu á að viðskiptavinir Go Wild villist á því og fyrirtæki Atla. Sé sú háttsemi ámælisverð og feli í sér óréttmæta viðskiptahætti sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 og brjóti gegn góðum viðskiptaháttum sbr. 13. gr. sömu laga.

3.

Með bréfi Neytendastofu til Atla Björgvinssonar, dags. 8. október 2013, var honum gefin kostur á að koma að athugasemdum og skýringum við bréf Go Wild dags. 12. september 2013. Svar hans er dags. 17. október 2013. Þar segir að rangt sé að Go Wild hafi öðlast forgangsrétt til lénsins hatid.is og notkunar léna sem mynduð séu af þeim orðstofni. Óumdeilt sé að Atli hafi með lögsmætum hætti skráð lénið hatidir.is hjá Isnic og sé því í fullum rétti að nota það í sinni starfsemi.



Þá sé rangt sem fram komi í bréfi Go Wild að Atli hafi stolið hugmynd Go Wild með því að setja á fót umrædda vefsíðu. Atli hafi verið kominn vel á leið með þróun á heimasíðu sinni þegar hann hafi fengið veður af því Go Wild hafi ætlað að þróa heimasíðu (sem ennþá virðist vera í þróun). Þá njóti hugmyndin hvorki höfundarréttar né einkaleyfisverndar. Útfærsla á hugmyndum Go Wild og Atla séu gjörólíkar. Atli byggi starfsemi sína einungis á heimasíðu sinni þar sem upplýsingar og þjónusta séu aðgengilegar neytendum. Go Wild hafi á heimasíðu sinni hins vegar hvorki upplýsingar um hátíðir né nokkra þjónustu. Starfsemi Go Wild virðist byggja á útgáfu svokallaðrar Hátíðahandbókar sem ekki sé aðgengileg á heimasíðunni heldur á annarri vefslóð sem hvergi sé að finna á heimasíðunni. Aðgengi neytenda að upplýsingum um hátíðir sé því ekkert.

4.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 27. nóvember 2013, var tilkynnt að gagnaöflun væri lokið. Listi yfir gögn málsins fylgdi bréfinu.

III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta snýr að kvörtun Go Wild ehf. yfir skráningu og notkun Atla Björgvinssonar á léninu hatidir.is en lánið var skráð hjá Isnic 25. júní 2013. Go Wild hafi síðast liðið vor gefið út rit sem beri nafnið Hátíðahandbókin/hatid.is og um leið skráð lánið hatid.is, eða 7. janúar 2013. Innihald heimasíðunnar hatidir.is sé nánast að öllu leyti eins og vefsíða Go Wild og sé ljóst að eigandi vefsíðunnar sé að gera hugmynd Go Wild að sinni. Að mati Go Wild brýtur skráning Atla á léninu hatidir.is gegn 15. og 13. gr. laga nr. 57/2005. Í bréfi Neytendastofu kom fram það álit stofnunarinnar að ákvæði 5. gr. sömu laga komi jafnframt til álita.

Að mati Atla Björgvinssonar séu atvik með þeim hætti að báðir aðilar hafi lögvarinn rétt til þess að nota sín lén enda bæði skráð á lögmætan hátt hjá Isnic. Atli hafi skráð lánið hatidir.is 25. júní 2013, en Go Wild sitt lén í janúar 2013. Atli dragi ekki dul á þá staðreynd að ruglingshætta sé með umræddum lénnum. Um sé að ræða annars vegar eintölumynd og hins vegar fleirtölumynd af orðinu hátíð auk þess sem bæði félög vinni við að safna saman upplýsingum um hátíðir vítt um Ísland og miðla þeim til almennings. Munurinn sé hinsvegar sá að Atli geri það í gegnum heimasíðuna hatidir.is á meðan Go Wild gefi út Hátíðahandbókina sem ekki sé birt á slóðinni hatid.is. Atli hafi verið kominn vel á leið með þróun á heimasíðu sinni þegar hann hafi fengið veður af því Go Wild hafi ætlað að þróa heimasíðu. Útfærsla á hugmyndum Go Wild og Atla séu gjörólíkar.



2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 13. gr. sem lýtur að öðrum hagsmunum neytenda en fjárhagslegur er svo hljóðandi:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Ákvæðið felur í raun í sér tvenns konar reglu þar sem fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn, vörumerki eða lén, sem annar á. Ákvæði 2. másl. felur í sér bann við því að nota eigið auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við auðkenni annarra. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki eða lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli sem viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Ákvæðið tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. másl. en 2. másl. á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Báðir aðilar málsins hafa skráð lén sín hjá ISNIC. Go Wild skráði lénið hatid.is í janúar 2013 og Atli Björgvinsson hatidir.is í júní 2013. Kemur því 2. másl. 15. gr. a. til álita í málinu vegna skráningar Atla Björgvinssonar á léninu hatidir.is.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Við



mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Ef lén eða heiti er einungis lýsandi fyrir þá starfsemi sem viðkomandi hefur á boðstólum, en hefur ekki einhver tiltekin sérkenni til aðgreiningar frá öðrum, hefur viðkomandi ekki verið talinn njóta verndar gegn því að annar aðili taki upp áþekk lén eða heiti til kynningar á starfsemi sinni.

Orðið hátíð, í fleirtölu hátíðir er að mati Neytendastofu almennt og lýsandi fyrir þá starfsemi að vekja athygli á hátíðum sem haldnar eru hér á landi. Að mati Neytendastofu eru orðið almennt og lýsandi fyrir þjónustu beggja aðila. Hvorugt heitið hefur að geyma sérkenni. Go Wild getur því ekki notið einkaréttar á orðinu hátíð í eintölu eða fleirtölu eða annars konar útfærslu á orðinu svo sem án íslenskra stafa sem algengt er þegar lén eru skráð hjá Isnic.

Samkvæmt framansögðu er það mat Neytendastofu að skráning Atla Björgvinssonar á léninu hatidir.is sé ekki brot gegn ákvæðum 5. gr., 13. gr. eða 2. málsl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 24. mars 2014

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir